

Ár 2013, fimmtudaginn 12. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Veiðimálastofnunar

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Veiðimálastofnunar er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða honum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 31. júlí 2013 frá forstjóra Veiðimálastofnunar þar sem þess er óskað að kjararáð taki laun forstjórans til endurskoðunar. Í bréfinu segir að umfang starfsins hafi aukist. Meira sé leitað til stofnunarinnar vegna rannsókna og ráðgjafar innanlands og utan en áður og að hluta hafi sú þörf verið fest í lög. Einnig hafi stofnunin leitað nýrra verkefna. Þannig hafi innlend og erlend ábyrgð stofnunarinnar aukist.

Í bréfinu segir að Veiðimálastofnun sé rannsóknar- og ráðgjafarstofnun. Hún rannsaki lífríki og náttúruvarnir í ám og vötnum, veiðinýtingu, fiskrækt og fiskeldi. Stofnunin starfi eftir lögum nr. 59/2006 um Veiðimálastofnun, en einnig eftir lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og lögum nr. 58/2006 um fiskrækt. Breytingar sem gerðar hafi verið á þessum lögum séu margar þess eðlis að skyldur og ábyrgð Veiðimálastofnunar hafi aukist. Þá kemur fram að ný lög um fiskeldi nr. 71/2008 hafi aukið á skyldur stofnunarinnar. Einnig er nefnt í bréfinu að sett hafi verið ákvæði í búnaðarlög nr. 70/1998, lög um innflutning dýra nr. 54/1990, lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu nr. 57/1998, sem auki skyldur og störf Veiðimálastofnunar. Ný lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og lög um umhverfisábyrgð nr. 55/2012 hafi einnig stóraukið vinnu og skyldur stofnunarinnar, einkum þau fyrr töldu sem fjalli um innleiðingu vatnatilskipunar Evrópu á Íslandi um verndum vistgæða vatns. Í því felist úttekt á ástandi og stöðu vatnavistkerfa á Íslandi og vöktun þeirra til að viðhalda góðu ástandi vatns. Í þeirri vinnu sé fólgið mikið samstarf við innlendar stofnanir og sitji forstjórinn í stýrihópi vegna þessa verkefnis. Verkefnið krefjist einnig mikilla samskipta og samræmingar við stofnanir í Evrópu og sitji forstjórinn í evrópskri nefnd sem hafi það verkefni að samræma rannsóknir á vistkerfum vatna. Þetta verkefni og mörg önnur hafi orsakað aukið flækjustig. Vegna þess að æ fleiri rannsóknarverkefni taki til margra ólíkra þátta og séu þverfagleg kalli það á samstarf ólíkra stofnana innanlands sem utan. Veidimálastofnun eigi því nú í formlegu vísindasamstarfi við margar stofnanir hérlendis og erlendis og hafi samningar þar um verið gerðir við margar þeirra. Í bréfinu kemur einnig fram að vegna rannsókna sinna hafi stofnunin tekið þátt í þróun tækjabúnaðar. Þá vinni stofnunin þjónusturannsóknir fyrir veiðifélög, sveitarfélög, framkvæmdaraðila og orkufyrirtæki og sinni ráðgjöf vegna ýmissa framkvæmda við ár og vötn auk þess að veita umsagnir um skipulagsáætlanir og frumvörp til laga og reglugerða. Stofnunin taki þátt í kennslu á háskólastigi og hafi margir nemar, einkum í framhaldsnámi við innlenda og erlenda háskóla, unnið rannsóknarverkefni hjá stofnuninni. Kemur fram að sérstakir samstarfssamningar hafi verið gerðir við Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Hólaskóla. Í bréfinu segir einnig að breyttar áherslur í rannsóknarstarfsemi hafi leitt til þess að stofnunin hafi í auknum mæli leitað eftir verkefnastyrkjum í erlenda sjóði. Efnahagsástandið innanlands hafi ýtt undir þessa þróun. Veidimálastofnun hafi því á síðustu

árum tekið þátt í stórum rannsóknarverkefnum styrktum af evrópskum rannsóknarsjóðum. Öflun sértekna sé tímafrek en þær séu nú um helmingur af veltu stofnunarinnar.

Með bréfum dagsettum 28. ágúst 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 2. september 2013. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um hvaða forsendur kjararáð lagði til grundvallar fyrri ákvörðun né á hvern hátt starfsemi stofnunarinnar hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstjórans, að öðru leyti en fram komi í bréfi hans.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 10. september 2013. Í bréfinu segir að í bréfi forstjórans til kjararáðs sé ítarlega farið yfir verkefni Veiðimálastofnunar og gerð grein fyrir auknu umfangi starfsins. Eigi það ekki síst við um verkefni vegna nýrra laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð. Þar sé um að ræða aukna verndun vistgæða vatns og mikið samstarf við aðrar stofnanir. Ráðuneytið tekur undir aukið umfang verkefna Veiðimálastofnunar og leggur áherslu á það sjónarmið að störf forstjóra stofnana þess séu metin eftir ábyrgð, umfangi og verkefnum stofnananna.

Með bréfi dagsettu 13. september 2013 fékk forstjóri Veiðimálastofnunar send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstjórans dagsettu 17. september 2013 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna.

III.

Samkvæmt lögum um Veiðimálastofnun nr. 59/2009 er Veiðimálastofnun rannsóknastofnun á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra og heyrir hún undir yfirstjórn umhverfis- og auðlindaráðherra. Í 4. gr. laganna er hlutverk stofnunarinnar skilgreint í 12 liðum. Segir þar meðal annars að hlutverk hennar sé að afla með frumrannsóknum alhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríkis þess og miðla upplýsingum þar um. Einnig er þar fjallað um ráðgjafarhlutverk stofnunarinnar og hlutverk við að veita lögboðnar umsagnir.

Ráðherra skipar forstjóra Veiðimálastofnunar til fimm ára í senn og skal hann hafa háskólamenntun og þekkingu á fræðasviði stofnunarinnar. Forstjóri hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk og ákveður starfssvið þess. Hann hefur sér til ráðuneytis ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal forstjórinn sitja fundi með nefndinni. Forstjóri ákveður skipurit stofnunarinnar.

Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja starfsstöðvar á landsbyggðinni og rannsóknastöð í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit.

Fjallað er um verkefni Veiðimálastofnunar í fleiri lagabálkum. Má sem dæmi nefna lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, lög um umhverfisábyrgð nr. 55/2012, lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og lög nr. 71/2008 um fiskeldi.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara

samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað laun forstjóra Veiðimálastofnunar þann 2. mars 2007. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Fram hefur komið að aukin verkefni hafa verið færð til Veiðimálastofnunar og hefur kjararáð ákveðið með vísan til þess að fjölga mánaðarlegum einingum forstjórans.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Veiðimálastofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2013 skulu mánaðarlaun forstjóra Veiðimálastofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 132, nú 691.819 krónur. Að auki skal greiða honum 17 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingum.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Veiðimálastofnunar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson